

UMBODSMADUR ALÞINGIS

Pórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík
Sími: 510 6700 • Grænt nr: 800 6450 • Mynds: 510 6701
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Reykjavík, 29. febrúar 2016

Forsætisráðuneytið
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg
101 Reykjavík

Undanfarið hef ég veitt því athygli að í fréttum fjölmiðla og í upplýsingum á heimasíðum ráðuneyta og annarra opinberra stofnana þar sem birtir hafa verið listar yfir umsækjendur um opinber störf er gjarnan aðeins að finna upplýsingar um nöfn umsækjenda en ekki starfsheiti þeirra. Ég tel því tilefni til að minna á þær reglur sem gilda um aðgang almennings að upplýsingum um opinbera starfsmenn.

Samkvæmt 1. tölul. 2. mgr. 7. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 er skylt að veita upplýsingar um nöfn og starfsheiti umsækjenda um opinbert starf þegar umsóknarfrestur er liðinn. Sama regla kemur fram í 3. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Reglan um að birta skuli starfsheiti umsækjenda hefur samkvæmt þessu verið í lögum frá árinu 1996 en slíkt ákvæði var einnig í upplýsingalögum nr. 50/1996. Í lögskýringargögnum að baki áður nefndu ákvæði nügildandi upplýsingalaga kemur fram að því sé ætlað að mæta sjónarmiðum um opna stjórnsýslu og stuðla að opinni umræðu um stöðuveitingar hjá opinberum aðilum. Jafnframt kemur fram að með hugtakinu „starfsheiti“ sé átt við heiti þess starfs sem viðkomandi gegnir á þeim tíma er hann sækir um starf. Þannig sé t.d. ekki nægjanlegt að tilgreina að umsækjandi sé lögfræðingur eða hagfræðingur heldur beri að tilgreina það starf sem hann gegnir, svo sem lögfræðingur hjá tilteknu fyrirtæki eða stofnun. (Sjá þskj. 223 á 141. löggjafarþingi 2012-2013.) Ákvæðið felur í sér sambærilega reglu og var áður að finna í 4. tölul. 4. gr. eldri upplýsingalaga nr. 50/1996, að því frátöldu að horfið hefur verið frá því að mæla fyrir um skyldu til að upplýsa um heimilisföng umsækjenda. Í lögskýringargögnum að baki því ákvæði kemur m.a. fram að nefndin sem samdi frumvarpið hafi tekið til rækilegrar skoðunar hvort rétt væri að lögfesta þá reglu að hver sem er ætti rétt á að fá lista yfir nöfn, heimilisföng og starfsheiti umsækjenda um opinberir stöður. Um það segir síðan eftirfarandi:

„Tvenns konar sjónarmið vegast hér aðallega á. Annars vegar tillitið til umsækjenda, þar á meðal er talið að menn í störfum hjá einkaaðilum veigri sér við því að sækja um opinber störf af ótta við að missa viðskiptavinum þegar fréttist af umsókn þeirra. Hins vegar er það sjónarmiðið um „opna stjórnsýslu“ en upplýsingar um umsækjendur stuðla m.a. að umræðu um ráðningu í opinberar stöður er veitir stjórnvöldum án efa nokkurt aðhald.

Með tilliti til aðalmarkmiðs frumvarpsins og þeirrar reynslu, sem fengist hefur síðustu ár af því að birta lista yfir umsækjendur, var ákveðið að taka síðastnefndu rökinn fram yfir hin fyrrnefndu. Í frumvarpinu er því lagt til að farin verði svipuð leið og í norsku upplýsingalögunum. Þegar umsóknarfrestur er liðinn ber stjórnvaldi að útbúa lista yfir nöfn, heimilisföng og starfsheiti umsækjenda, svo og að veita almenningi aðgang að þessum lista sé þess óskað.“ (Sjá þskj. 630 á 120 löggjafarþingi 1995-1996.)

Rétt er að taka fram að stjórnvöldum er almennt ekki skylt á grundvelli upplýsingalaga nr. 140/2012 að eiga frumkvæði að því að upplýsa almenning um starfsheiti umsækjenda um opinber störf heldur verður skylda þeirra virk þegar ósk um slíkan aðgang kemur fram, t.d. frá fjölmiðlum. Þegar þau ákveða engu að síður að hafa slíkt frumkvæði verður að ganga út frá því að tilgreind séu þau atriði sem löggjafinn hefur metið að séu nauðsynleg til að ná markmiðum 1. tölul. 2. mgr. 7. gr. laganna, þ.e. að mæta sjónarmiðum um opna stjórnsýslu og stuðla að opinni umræðu um stöðuveitingar hjá opinberum aðilum. Ef það er ekki gert kann að vera að þetta frumkvæði, sem að öðru leyti er í góðu samræmi við markmið upplýsingalaga, hafi í reynd þau áhrif að vegna þess að listar yfir nöfn umsækjenda liggja þegar fyrir á opinberum vettvangi óski almenningur og fjölmiðar síður eftir upplýsingunum sem upp á vantar og þeir eiga að lögum kröfu á að fá, þ.e. um starfsheiti umsækjendanna. Möguleg afleiðing þess er minna gegnsæi um þessar tilteknu upplýsingarnar sem löggjafinn hefur, að vandlega athuguðu máli, ákveðið að eigi erindi við almenning.


Um leið og ég vek athygli ráðuneytisins á lagaskyldu um að starfsheiti umsækjenda um opinber störf komi fram í upplýsingum sem látnar eru í té samkvæmt beiðni tel ég, með vísan til áhrifanna af því að láta slíkt undir höfuð leggjast í öðrum tilvikum, að það sé í betra samræmi við lagagrundvöll þessarar upplýsingagjafar að upplýsingar um starfsheiti komi einnig fram þegar stjórnvöld hafa frumkvæði að því að birta hverjir hafi sótt um opinbert starf. Ég tel jafnframt ljóst að slíkt væri einnig í samræmi við vandaða stjórnsýsluhætti, sbr. 2. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis. Það er því ósk mín að ráðuneytið komi því á framfæri við þær stofnanir og önnur stjórnvöld, sem undir það heyra og taka ákvarðanir um ráðningar í opinber störf, að þau fylgi ofangreindum lagareglum.

Reglur um rétt almenninga til aðgangs að upplýsingum um umsækjendur um opinber störf eru skýrar og skiljanlegar. Stjórnvöldum ætti almennt að vera ljóst hvað felst í þeim. Í ljósi þess tel ég ekki sérstakt tilefni til að hefja nú athugun að eigin frumkvæði á framkvæmd þessara mála á grundvelli þeirrar heimildar sem umboðsmanni Alþingis er fengin með 5. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis. Ég lät

Því við þáð sitja að vekja athygli ráðuneytanna á þessu en mun hins vegar fylgjast áfram með framkvæmdinni og ef ég tel tilefni til hefja slíka athugun.

Ég mun birta upplýsingar um að ég hafi sent þetta bréf á heimasíðu embættis míns, www.umbodsmadur.is.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Tryggvi Gunnarsson', with a long, sweeping tail extending downwards and to the right.

Tryggvi Gunnarsson